

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB) í X. viðauka við samninginn:

„1b. **32009 D 0767:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/767/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.